

Febrúar 2013

Komið sæl

Í janúar var nóg um að vera í Krílakoti. Við höfðum náttfatadag og dótadag sem var mjög skemmtilegt. Þorrablótið gekk mjög vel og voru börnin dugleg að smakka framandi mat en fannst hann misgóður. Við enduðum svo janúar á tannverndarviku og eftir umræður vikunnar um hollustu og tannvernd horfðum við á þá félagar Karíus og Baktus. Útiveran var lítil í upphafi árs en jókst jafnt og þétt þegar leið á mánuðinn.

Þann 6 febrúar er dagur leikskólans og ætlum við að halda daginn hátíðlegan. Það verður opið hús frá 14-16 og foreldrar bjóða uppá kaffi.

Í febrúar er svo bolludagurinn og ætlum við að hesthúsa nokkrum bollum þann daginn, sprengidagurinn verður haldinn hátíðlegur og munum við eta saltkjöt í stórum stíl. Öskudagurinn er á sínum stað og mega börnin þá koma í búningum og verður "kötturinn" sleginn úr tunnunni. Foreldrum er velkomið að kílka við eins og alla aðra daga ársins.

Í lok mánaðar fara elstu börnin í heimsókn í Kátakot til að kynna húsakynnum og starfsfólki og svo endum við þennan styðsta mánuð ársins með því að hafa fjólubláan dag.

Heimir kemur áfram á mánudögum til okkar og er með tónlistarstund með börnum og starfsfólki. Í janúar var Klarinett hljóðfæri mánaðarins og Fyrr var oft í koti kátt var lag mánaðarins. Nú í febrúar er það Þverflauta sem hann kynnir fyrir börnunum og lag mánaðarins er Þorraþræll.



Drífa Þórarinsdóttir,
leikskólalastjóri.

Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)
Hanna Kristín (Hákon Þór)
Helga (Eyrún Hekla)
Karl Ingi Atlason (Bríet Þóra)

Febrúar

Dagur leikskólans 6. febrúar
Bolludagur 11. febrúar
Sprengidagur 13. febrúar
Öskudagur 13. febrúar
Konudagur 24. febrúar
Fjólublár dagur 28. febrúar

Fimmtudaginn 14. febrúar

Lokar kl 12:15

Vinsamlegast drepið á bílunum.


Leggið ekki í stæðið næst skólanum (við inngang skýjaborgar), það er ætlað fötluðum og vöruflutningabílum.



Grænfáinn

Við ætlum að vinna skemmtileg verkefni utandyra þegar lóðin okkar verður orðin greiðfærari.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)
Snæþór (pabbi Hólmaris Elí)

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

"Notum inniröddina"

"Göngum inni"

"Kennarastóll er fyrir kennara"

"Við erum góð við hvert annað"
Það eru allir jafnir óháð stöðu,
aldri, þjóðerni og kyni.

Sýnum jákvæðni og stöndum saman.

Dagur leikskólans 2013

Opið hús í Krílakoti

6. febrúar 2013

Frá klukkan 14-16



Allir velkomnir

Stöðvavinna og allir geta rölt á milli svæða og tekið þátt í starfinu

Svæði í boði:

Myndasýning á Appelsínugula

Hreyfing á Holi við Skýjaborg

Stóru plastkubbarnir á Skýjaborg

Tónlist og þræða perlur á band á Hólakoti

Púsl og bækur á Skakkalandi

Litlir legókubbar á Bleika svæði

Perlur og Pinnar í Listasmiðju

Kaffi og meðlæti í boði foreldrafélagsins í salnum

Bestu kveðjur

Börn og starfsfólk Krílakoti



Söngfundur á Bóndadaginn 2013



Porrablót 2013